22
8. apr.

Endurskoðuð reglugjörð
fyrir
landsbankann í Reykjavík.

I. kafli.
Um stjórn landsbankans.

1. gr.

Samkvæmt lögum um stofnun landsbanka 18. septbr. 1885, 19. gr., skal bankanum stjórnað af 1 framkvæmdarstjóra og 2 gæzlustjórum. Framkvæmdarstjóri skal annast dagleg störf bankans og stýra þeim. Gæzlustjórarnir eiga að hafa umsjón með, að lögunum um landsbankann sje fylgt, og farið sje eptir ákvörðunum þeim, sem settar eru í þessari reglugjörð; er þeim því eigi að eins heimilt, hvenær sem er, að vera viðstaddir í bankanum til þess að hafa eptirlit með störfunum þar, heldur einnig skylt, svo opt sem þörf er á, og sjerstaklega þegar framkvæmdarstjóri kveður til, að eiga fund með honum til þess að ræða þau málefni, sem snerta bankann og framkvæmdarstjóri óskar álits þeirra um.

2. gr.

Bankastjórnin á að gæta þess, að endurskoðun fram fari að minnsta kosti mánaðarlega til þess að flýta fyrir úrskurðun og birtingu reikningsins.

3. gr.

Bankastjórnin skal hafa eptirlit með bókfærslunni og gjaldkerastörfunum, og kynna sjer að minnsta kosti einu sinni á hverju missiri, hvort allt það fje, sem fjehirði er trúað fyrir samkvæmt 6. gr. er í sjóði hjá honum, eins og á að vera eptir bókunum. Sjerstaklega ber framkvæmdarstjóranum að hafa stöðugt eptirlit með því, að starfsmenn bankans ræki skyldur sínar með vandvirkni og kostgæfni.

4. gr.

Bankastjórnin ákveður vinnutíma bankans, og skal annast um, að almenningi verði birt, hvenær bankinn sje opinn. Hvern dag, sem bankinn er opinn, skal framkvæmdarstjóri og að minnsta kosti annar gæzlustjóranna vera þar viðstaddur eigi skemur en eina klukkustund, nema sjerstök atvik banni.

5. gr.

Á aðalpeningahirzlu bankans skal læsingin vera þannig gjör, að ekki verði henni lokið upp nema með 2 lyklum, sem ekki eru eins. Hefir framkvæmdarstjóri annan lykilinn, en fjehirðir hinn, og verða þeir því ávallt báðir að vera

21. dag marzmán. 1894.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja 1894.

22 8. apr. við, þegar hún er opnuð. Þegar eitthvað er tekið úr sjóði, eða í hann látið, skal það ritað í bók, sem til þess er ætluð. Skal fjehirðir rita nafn sitt undir, ef úr sjóði er tekið, en framkvæmdarstjóri, ef í hann er látið.

6. gr.

Fjehirði skal fengin önnur fjárhirzla, er hann skal geyma í það fje, sem honum er fengið til daglegra þarfa, og hefur hann einn lykilinn eða lyklana að henni.

7. gr.

Láta skal öll áríðandi skjöl og bækur inn í eldtrygga skápa bankans, þegar störfum er lokið dag hvern.

8. gr.

Bankastjórarnir útkljá í sameiningu þau málefni, sem varða bankann, en greini þá á, ræður atkvæðafjöldi; getur þá hver þeirra heimtað ágreiningsatkvæði sitt ritað í gjörðabók og skrifa bankastjórarnir allir undir það, sem bókað er. Ekki þarf framkvæmdarstjóri þó að framkvæma ákvörðun gæzlustjóranna, þegar hann álítur, að bankinn geti haft tjón af henni, en aldrei má hann framkvæma neitt það, er báðir gæzlustjórarnir hafa neitað að leggja samþykki sitt á.

9. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldir til að hlýða boðum eigi að eins bankastjórnarinnar í heild sinni, heldur einnig framkvæmdarstjóra eins. Þeir skulu vinna bankastjórninni eið að því, að þeir með árvekni og samvizkusemi skuli gegna störfum þeim, sem þeim eru falin, og ekki gjöra neinum út í frá kunnugt um málefni bankans, nje segja frá um viðskipti einstakra manna við hann.

10. gr.

Reikningsár landsbankans nær frá 1. janúar til 31. desember. Eptir nýár skal semja ársreikninginn; skal hann vera fullbúinn fyrir 14. apríl ár hvert og sendur landshöfðingja.

II. kafli.

Um lánveitingar.

11. gr.

Bankinn veitir lán gegn tryggingu í fasteign með 1. veðrjetti; þó má í einstöku tilfellum veita lán gegn 2. veðrjetti, ef lánið á að eins að standa stuttan tíma, og sjerstakar ástæður mæla með því.

12. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr landsbankanum gegn fasteignarveði, verða menn að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

a. Láta virða eignina til peninga af 2 óvilhöllum kunnugum mönnum, er lögreglustjóri nefnir til. Skal eigninni nákvæmlega lýst í virðingargjörðinni, og þess getið, hver hús sjeu á henni, sje það jörð, og hvað þau sjeu

virt út af fyrir sig; einnig skal í henni tekið fram, hvert afgjald sje af jörðinni, og hafi jörðin nýlega gengið kaupum og sölum, hvað gefið hafi verið fyrir hana. **22** 8. apr.

Til þess að hús í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, og verzlunarstöðum sjeu tekin að veði, útheimtist, að þau sjeu vátryggð í vátryggingarfjelagi, er hefur umboðsmann í Reykjavík, og sem bankinn tekur gilt. Hús, sem fylgja jörðum, verða eigi sjerstaklega tekin að veði, enda þótt vátryggð sjeu eins og áður segir, nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi. Sama er og um hús utan kaupstaða og verzlunarstaða, sem eigi eru notuð við ábúð á jörðu.

b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðbrjefabókunum um, hvort nokkur veðskuld eða önnur eignarbönd liggi á eigninni, og hver þau sjeu.

c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna heimild að fasteigninni, eða sje það ekki unnt, þá vottorð hans um, að eignin sje vitanlega eign hans.

13. gr.

Landsbankinn lánar fje gegn sjálfskuldarábyrgð, er bankastjórnin álítur fullnægjandi.

14. gr.

Landsbankinn lánar fje gegn handveði, svo sem arðberandi verðbrjefum og öðrum þeim munum, er bankastjórnin tekur gilda og sjer bankanum fært að geyma. Ennfremur má og veita lán gegn tryggingu í vátryggðum verzlunarvörum, sem geymdar eru undir lás og innsigli bankans.

15. gr.

Bankinn veitir lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga, þegar eptirfylgjandi skilríki eru fyrir hendi:

a. Leyfi hlutaðeigandi yfirboðara, (sýslunefndar, amtsráðs, eða landshöfðingja) til lántökunnar.

b. Fjárhagsreikningur hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfjelags næsta ár á undan lánbeiðninni.

c. Vottorð hlutaðeigandi yfirvalds um það, að þeir menn, er anna t um lántökuna, eða veita umboð til að taka lánið, sjeu rjettir hlutaðeigendur.

16. gr.

Bankinn veitir lán til prestakalla, svo og til almanna stofnana með skilyrðum þeim, sem landshöfðingi ákveður í hverju einstöku tilfelli.

17. gr.

Bankinn kaupir og selur víxla og ávísanir, hvort sem greiðslustaðurinn er hjer á landi eða erlendis, útlenda peninga og auðseld arðberandi verðbrjef. Einnig tekur hann að sjer að heimta inn víxla og ávísanir.

22 8. apr.

18. gr.

Bankinn lánar ekki minni upphæð en 50 kr. og getur heimtað 1 árs vexti fyrirfram af lánum þeim, sem hann veitir.

19. gr.

Það er á valdi bankastjórnarinnar, hversu mikið hún vill lána að tiltölu við virðingarverð veðsins, en hún lánar þó að öllum jafnaði ekki nema helming virðingarverðs og engu sinni meira en $^2/_3$ þess.

20. gr.

Þeir, sem vilja fá lán úr bankanum skulu beiðast þess brjeflega, og geta þeir fengið prentuð eyðublöð undir slík brjef ókeypis í bankanum. Svar bankastjórnarinnar upp á slíka beiðni verður að eins gefið munnlega, og getur enginn, sem synjað er um lán, heimtað, að honum sje gjörð grein fyrir, hverjar ástæður sjeu til synjunarinnar.

21. gr.

Sjerhver skuldunautur bankans má greiða lán það, er hann hefur fengið, allt eða nokkurn hluta þess, áður en gjalddagi sá, sem ákveðinn er í skuldabrjefinu, er kominn, og fær hann þá endurgoldinn tiltölulegan hluta þeirra vaxta, er hann hefur fyrir fram greitt af upphæð þeirri, sem hann greiðir fyrir rjettan gjalddaga, en þó eigi hærri vexti, en bankinn á þeim tíma gefur fyrir sparisjóðsinnlög, og ef rentu-upphæðin nemur meiru en 3 kr.

22. gr.

Lán gegn fasteign og handveði veitist með afborgun og vöxtum eigi til lengri tíma en 10 ára, nema bankastjórnin í sjerstökum tilfellum sjái það hagnað fyrir bankann; hún kveður og á um það, hvernig afborgun lánsins sje greidd. Lán gegn sjálfskuldar-ábyrgð og vátryggðum vörum veitist eigi til lengri tíma en 1 árs í senn.

23. gr.

Það er á valdi bankastjórnarinnar, hvernig hagað er bókum og reikningsfærslu bankans; en kosta skal kapps um, að ætíð sje auðvelt að kynna sjer fjárhag bankans.

24. gr.

Varasjóð bankans má eigi lána út, heldur skal jafnóðum, svo fljótt sem því verður við komið, kaupa fyrir hann konungleg skuldabrjef eður önnur áreiðanleg verðbrjef, er á skömmum tíma má koma í peninga.

III. kafli.

Um ávöxtun fjár með sparisjóðskjörum.

25. gr.

Landsbankinn tekur við fje til ávaxta með sparisjóðskjörum, minnst 1 kr. í senn. En þó er hann eigi skyldur til að taka á móti stórfje, þegar bankastjórnin álítur það óhagnað fyrir bankann.

26. gr. 22

Þegar innstæðan nemur 5 krónum, reiknast vextir af henni frá næsta 8. apr.
degi eptir að fjeð er lagt inn, þó eigi í minni pörtum en heilum aurum. Vextir reiknast til 31. desember ár hvert og leggjast þá þegar við höfuðstólinn. Af upphæðum, er nema 1000 krónum eða þar yfir er bankinn eigi skyldur að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í bankanum.

27. gr.

Af fje því, sem bankinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það er menn óska eptir án uppsagnarfrests, þegar bankastjórnin sjer sjer það fært, en heimta má, að upphæðum frá 500—1500 kr. sje sagt upp með viku fyrirvara, og upphæðum þar yfir með 3 mánaða fresti. Án 3 mánaða uppsagnarfrests er landsbankanum eigi skylt að borga meira en 2000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

28. gr.

Þeim, er í fyrsta sinn leggur fje inn með sparisjóðskjörum, er fengin viðskiptabók, er hann greiðir 25 aura fyrir. Fyrir innlögum og útborgunum kvitta bókarinn og gjaldkerinn í viðskiptabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni.

Það er eigi á ábyrgð bankans, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fje það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Í hvert skipti sem fje er lagt inn eða tekið út úr sparisjóði, skal það um leið vera ritað í viðskiptabókina. Vexti skal innfæra í viðskiptabækurnar, þegar þær næsta skipti eptir 14. janúar ár hvert eru sýndar í bankanum. Bankastjórnin löggildir viðskiptabækurnar.

29. gr.

Glatist viðskiptabók, ber eiganda að snúa sjer til bankastjórnarinnar, er annast um að handhafa hennar verði stefnt samkvæmt 10. gr. bankalaga 18. september 1885. Kostnaðinn greiðir eigandi.

30. gr.

Bankastjórninni er heimilt að segja lausu fje, sem er á vöxtum í bankanum með sparisjóðskjörum, með 12 vikna fresti. Skal annað hvort rita uppsögnina í viðskiptabókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sje birt í því blaði í Reykjavík, er stjórnarvalda-auglýsingar skulu birtar í.

Eptir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

31. gr.

Ef eigandi að innstæðufje hvorki leggur inn fje nje tekur út í 15 ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því, og verður þá með auglýsingu, er skal birt með missiris fyrirvara á þann hátt, sem segir í 29. gr., skorað á eiganda að hirða fjeð. Gefi hann sig ekki fram áður en fresturinn er liðinn, er viðskiptabók hans ógild, en fjeð rennur ásamt vöxtum í landsbankann; þó

22 8. apr. má bankastjórnin, ef rjettur eigandi gefur sig fram innan 5 ára, greiða honum fjeð að meira eða minna leyti, ef landshöfðingi leyfir.

32. gr.

Bankastjórnin ákveður með samþykki landshöfðingja, hve háa vexti skuli greiða af innlögðu fje með sparisjóðskjörum. Breytingar á vöxtum skal með 3 mánaða fyrirvara auglýsa 3 sinnum í röð í blaði því í Reykjavík, er stjórnarvalda-auglýsingar eru birtar í.

33. gr.

Mönnum verða eigi gefnar upplýsingar um eigur annara í sparisjóði eða hlaupareikningi.

34. gr.

Sá, er tekið hefur allt út úr viðskiptabók sinni, eður hún er útskrifuð, skal skila henni í bankann, og sje hún útskrifuð, fær hann aðra bók ókeypis, ef hann vill halda viðskiptunum áfram.

IV. kafli.

Um ávöxtun fjár á hlaupareikningi.

35. gr.

Hver sá, sem vill byrja hlaupareikning við bankann, skal semja um það við bankastjórnina. Minnst 25 kr. í hvert skipti tekur bankinn í slíka reikninga.

36. gr.

Sá, sem leggur fje inn í hlaupareikning, fær sjerstaka viðskiptabók, sem stjórn bankans löggildir, og greiðir hann eina krónu fyrir. Ráðstafað getur hann fje því, er hann á á hlaupareikningi, eins og hann vill, hvort heldur tekið það út sjálfur eður ávísað öðrum, þótt viðskiptabók sje eigi sýnd í hvert skipti, en færa skal greiðsluna í viðskiptabókina, þegar hún í næsta skipti á eptir kemur í bankann, og skal þá bókari og gjaldkeri rita nöfn sín við greiðsluna, og er þetta full sönnun fyrir henni.

37. gr.

Sá, sem vill vísa öðrum á eign sína í hlaupareikningi, verður fyrir fram að semja þar um við stjórn bankans og fá hjá henni ávísunarblöð svo auðkennd, að sem tryggilegast verði, að ávísunin sje útgefin af honum og eigi fölsuð. En skyldi þó eigi að síður koma fram fölsk ávísun eður framsal, þá ber skaðann, sem þar af kann að leiða, sá sem fjeð á, en eigi bankinn; og sama gildir þó handhafi viðskiptabókar fái útborgað fje úr henni án lögheimildar.

38. gr.

Í ávísunum, sem gefnar eru út á innstæðu á hlaupareikningi, verður upphæðin að vera tilgreind með tölustöfum og bókstöfum. Sje þessa eigi gætt, eða krónu-upphæðin sje tilgreind öðru vísi með tölustöfum en bókstöfum, þá verður ávísunin metin ógild. Minni upphæð en 25 kr. má eigi ávísa í senn.

39. gr. 22

Af fje því, sem stendur inni hjá bankanum á hlaupareikningi skal greiða 1% í vexti um árið, nema bankastjórnin sjái sjerstakar ástæður til þess, að bankinn greiði hærri vexti. — Af upphæðum, sem nema 5000 kr. og þar yfir, er bankinn eigi skyldur að greiða vexti, þegar fjeð hefur staðið í bankanum skemur en 30 daga. 8. apr.

40. gr.

Heimilt er hverjum að sjá hlaupareikning sinn í bókum bankans, og einnig umboðsmanni hans, en varast verður, að hann sjái reikninga annara manna.

Í bankastjórninni, Reykjavík 29. marz 1894.

Tryggvi Gunnarsson. *B. Kristjánsson.* *Eiríkur Briem.*

* * *

Reglugjörð þessi samþykkist hjer með, og fellist jafnframt úr gildi Reglugjörð fyrir landsbankann í Reykjavík, dags. 5. júní 1886, og breytingar þær og viðaukar, er gjörðir hafa verið við tjeða reglugjörð.

Reykjavík, 8. apríl 1894.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Reikningur 23

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Örum & Wulffs 1893. 3. jan.

Tekjur:	Kr. a.	Kr. a.
1. Eign sjóðsins 1. jan. 1892:		
a. Innritunarskírteini A, fol. 92	4000 »	
b. Í peningum	24 95	4024 95
2. Leigur af innritunarskírteini A, fol. 92, frá 11. júní '92 til 11. júní '93		140 »
	Kr.	4164 95

Tekjur:		
1. Styrkur veittur Karl F. Jensen á Eiðum		150 »
2. Í sjóði við árslok 1883:		
a. Innritunarskírteini A, fol. 92	4000 »	
b. Í peningum	14 95	4014 95
	Kr.	4164 95

Akureyri, 3. jan. 1894.

J. Havsteen. *Þ. Guðjohnsen.*

Reikningur 24

yfir tekjur og gjöld söfnunarsjóðs Íslands árið 1893. 28. febr.

Tekjur:

I. Sjóður við árslok 1892: